

**Ed.**

**262. Frumvarp til laga**

[194. mál]

um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í nefnd sem skal kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., sbr. 2. gr. laga þessara.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja nefndarmanna skuli vera formaður nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförunum árum. Í því skyni skal nefndin m. a. athuga hvort lánaþyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Könnun nefndarinnar beinist enn fremur að öðrum viðskiptalegum þáttum málsins sem henni þykja þurfa athugunar við, þó ekki þeim atriðum sem unnin eru af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt.

3. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er henni heimilt í samráði við skiptaráðanda að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af opinberum aðilum, m. a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands. Nefndin skal hafa aðgang að gögnum Hafskips hf. eftir því sem skiptaráðanda þykir fært vegna annarra rannsóknarhagsmuna.

Bankaæftirlit Seðlabanka Íslands skal veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á.

4. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Föstudaginn 6. desember s. l. var Hafskip hf. tekið til gjaldprotaskipta. Samkvæmt fyrirmælum gjaldprotalaga nr. 6/1978 fer skiptaráðandinn í Reykjavík nú með forræði protabúsins. Samkvæmt þeim sömu lögum er það enn fremur hlutverk hans að rannsaka

hvort einhver lögbrot tengist gjaldþroti fyrirtækisins og ástæðum þess. Með hliðsjón af þessu er ljóst að rannsókn á hugsanlegu refsiverðu athæfi í tengslum við þetta gjaldþrot er nú þegar í þeim farvegi sem lög gera ráð fyrir.

Sérstakur þáttur í rannsókn þessa máls lýtur að ásökunum sem beinst hafa að iðnaðarráðherra nýverið í þá veru að hann hafi misnotað aðstöðu sína sem formaður bankaráðs Útvegsbankans til að greiða fyrir viðskiptum Hafskips hf. Hefur iðnaðarráðherra farið þess á leit við ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 9. desember s. l., að hann láti fara fram opinbera rannsókn á þessum ásökunum.

Hafskip hf. hefur haft bankaviðskipti sín í Útvegsbankanum. Fjárhagsörðugleikar Hafskips hafa verið mikið til umfjöllunar á undanförunum vikum og mánuðum. Ástæða þess er ekki síst sú að félagið hefur skuldað viðskiptabanka sínum mjög verulegar fjárhæðir. Nú þegar gjaldþrot félagsins er staðreynd er sýnt að bankinn mun tapa mjög verulegum fjárhæðum af þessum ástæðum. Hversu háar þær fjárhæðir verða þegar öll kurl eru komin til grafar er óvissu háð nú. Skiptaráðendur hafa ekki enn gengið frá sölu á eignum þrotabúsins. Jafnvel þótt sala á þeim hafi átt sér stað er sýnt að Útvegsbankinn mun ekki njóta söluandvirðisins einn. Hluti þess mun einnig koma öðrum kröfuhöfum til góða. Hafa verið uppi viðræður milli skiptaráðanda og Útvegsbankans um samningsgerð sem kveði á um skiptingu söluandvirðisins milli Útvegsbankans annars vegar og þrotabúsins hins vegar. Liggja fyrir ítarleg samningsdrög. Efni þeirra var kynnt í umræðum á Alþingi hinn 10. desember s. l.

Með hliðsjón af ofanskráðu telur ríkisstjórnin þörf á að auk þeirrar rannsóknar, sem beinist að hugsanlegri refsiverðri háttsemi í tengslum við gjaldþrotið, fari fram sérstök könnun sem líti að viðskiptalegum þáttum málsins. Í því skyni hefur ríkisstjórnin lagt fram frumvarp þetta sem kveður á um að sett verði á fót nefnd þriggja manna sem hafi það hlutverk að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförunum árum. Ekki hefur þótt fært að fastsetja við ákveðinn árafjölda það tímabil sem rannsóknin skal ná yfir enda liggur ekki fyrir nú hvenær verulega tók að halla undan fæti í rekstri skipafélagsins né heldur með hvaða hætti og á hvaða tíma skuldaaukning varð við Útvegsbankann sem nú hefur leitt til mikils fyrirsjáanlegs tjóns hans við gjaldþrot félagsins. Miðað er við að nefndarmenn meti sjálfir lengd þess tímabils sem mestu skiptir í þessu sambandi.

Gert er ráð fyrir að nefndin hraði störfum og skili skýrslu til viðskiptaráðherra.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í nefnd sem skal kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Skal Hæstiréttur jafnframt kveða á um hver nefndarmanna skuli gegna formennsku hennar.

Um 2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er afmarkað í þessari grein. Er það að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum bankans og fyrirtækisins. Í því felst að nefndin skal jafnframt leggja mat á þau atriði sem undir verksvið hennar falla.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru heimildir nefndarinnar afmarkaðar. Nokkrum vandkvæðum er háð með hvaða hætti starfsreglur hennar og heimildir eru markaðar enda er nú þegar rannsókn annarra aðila í gangi á þessu sama máli. Mikilvægt er að könnun nefndarinnar verði komið fyrir með þeim hætti að ekki valdi töfum eða röskun á rannsókn annarra þeirra aðila sem

málið hafa til athugunar og tilgreindir eru í almennum athugasemdum hér að framan. Gögn Hafskips hf., bæði bókhald og önnur gögn, eru nú þegar í vörslu skiptaráðanda. Skal nefndin hafa aðgang að þessum gögnum eftir því sem skiptaráðanda þykir fært vegna annarra rannsóknahagsmuna. Í greininni eru enn fremur ákvæði þess efnis að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.